



SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þjónustukönnun SASS, haust 2016

Niðurstöður könnunar


Október 2016

ALMENNT:


Alls bárust 86 umsóknir í Uppbyggingarsjóð Suðurlands haustið 2016, þar af 51 menningarverkefni og 35 nýsköpunarverkefni. Þjónustukönnun var send út til 109 einstaklinga, bæði umsækjanda og verkefnastjóra sem í mörgum tilfellum er sami aðilinn. Samtals bárust 73 svör sem gefur 67% svarhlutfall.

UM SJÓÐINN:

Umsækjendur voru spurðir að því hvað þeim þætti almennt best lýsa skoðun þeirra á stærð og fjölda styrkveitinga á Suðurlandi (sjá mynd 1). Svörin voru skýr, tæp 96% svöruðu annað hvort að fjölbreytni ætti að ríkja í stærð styrkveitinga eða að fjöldi styrkveitinga ætti að ráðast af eðli umsókna hverju sinni. Einnig var spurt hvað umsækjendum þætti um fjölda úthlutana á ári og voru rúmlega 93% svarenda á því að úthlutanir ættu að vera tvær á ári (sjá mynd 2).




Mynd 1: Stærð og fjöldi styrkveitinga?




Mynd 2: Fjöldi úthlutuna á ári

UMSÓKNARFORMIÐ OG VEFURINN:

Spurt var um umsóknarformið og sögðust tæp 80% vera frekar eða mjög ánægð með formið og voru aðeins tveir svarendur frekar eða mjög óánægðir (sjá mynd 3). Tæplega 85% svarenda fannst framsetning og gæði leiðbeininga við að fylla út umsókn hjá sjóðnum mjög góð eða frekar góð og rúmlega 83% svöruðu að framsetning og gæði upplýsinga um sjóðinn á vefnum væri frekar eða mjög góð.




Mynd 3: Ánægja með umsóknarform



Mynd 4: Framsetning og gæði leiðbeininga við að fylla út umsókn

RÁÐGJAFAPJÓNUSTAN:

Ráðgjafar á vegum SASS mega vel við una en aðeins einn svarandi var frekar óánægður með þjónustu ráðgjafa á vegum SASS. Rúmlega 80% svarenda voru frekar eða mjög ánægðir og tæp 18% svöruðu hvorki né. En þau mistök voru gerð í þessari könnun að ekki var boðið uppá þann valmöguleika að umsækjandi hafi ekki þegið þjónustu ráðgjafa á meðan á umsóknarferli stóð. Því má ætla að einhverjir þeirra hafi svarað „hvorki né“.



Mynd 5: Ánægja/óánægja með þjónustu ráðgjafa

Að lokum var spurt hvort umsækjendur teldu þörf á aukinni stuðningsþjónustu við frumkvöðla og fyrirtæki, og þá hvernig helst. Svörin voru skýr, rúm 57% svöruðu því játandi og 34% svöruðu „ég veit það ekki“, aðeins rúm 8% töldu svo ekki vera.

Flestir eða 40 svarendur töldu þörf á aukinni stuðningsþjónustu í tengslum við fjármál og/eða fjármögnun. Næst voru það markaðsmál en 31 töldu vera þörf á aukinni aðstoð þar og þriðji stærsti flokkurinn var „handleiðsla og ráðgjöf“ en 22 svarendur töldu þörf á því að auka þá þjónustu. Í öllum könnunum sem unnar voru vegna Uppbyggingarsjóðs haustið 2016 voru aðstoð við fjármál og markaðssetningu þeir liðir sem oftast var hakað við.

Answer Choices	Responses
Aðstoð við fjármál og/eða fjármögnun	54.79% 40
Aðstoð við gerð styrkumsókna	20.55% 15
Aðstoð við markaðsmál	42.47% 31
Aðstoð við útlutning	2.74% 2
Handleiðslu og ráðgjöf	30.14% 22
Þróun vöru og þjónustu	15.07% 11
Upplýsingaþjónusta	10.96% 8
Eftirfylgni	21.92% 16
Aðstoð við rekstur og stjórnun	10.96% 8
Aðstoð við stofnun fyrirtækja	16.44% 12
Annað, þá hvað	19.18% 14
Total Respondents: 73	

Tafla 1: Hvers konar stuðningsþjónustu finnst þér helst vanta?

NIÐURSTÖÐUR

Greinilegt er að þjónusta vegna síðustu úthlutunar var umsækjendum nokkuð að skapi. Það sem kemur berlega í ljós hér er að umsækjendum þykir þörf á frekari stuðningsþjónustu og er tilvalið að nýta niðurstöðurnar til að efla þá þjónustu sem þykir einna helst vanta.